

19. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 22.01.2016 kl 14:00

Mætt eru Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Sérstakur gestur fundarins er Brynja Davíðsdóttir Framkvæmdastjóri Kötlu Geopark.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Hvernig hefur UNESCO stimpillinn áhrif á stöðu umhverfismála í Skaftárhreppi.
2. Erindi Jóns Hjartarssona varðandi hreinsun rotþróa (sjá viðhengi)
3. Gámavöllur
4. Sorphirða
5. Önnur mál

Jóna Björk formaður setur fundinn.

1. Hvernig hefur UNESCO stimpillinn áhrif á stöðu umhverfismála í Skaftárhreppi (sjá Fyrirlestur Brynju í fylgiskjali)  
Brynja heldur kynningu um UNESCO stimpilinn sem Kötlu jarðvangur hefur hlotið og hvaða merkingu þetta hefur fyrir Skaftárhrepp. Kom fram meðal annars í kynningunni mikilvægi þess að gera svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin þrjú sem koma að Kötlu Jarðvangi. Nefndin samþykkir að vinna málið áfram í samstarfi við sveitarstjórn Skaftárhrepps og Kötlujarðvang.
2. Erindi Jóns Hjartarssonar varðandi hreinsun rotþróa (sjá viðhengi)  
Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd þakkar Jóni Hjartarssyni fyrir góða ábendingu. Nefndin mun kanna málið og koma með hugsanlegar úrlausnir fyrir næsta fund. Málinu frestað til næsta fundar.
3. Gámavöllur. Nýjar teikningar af gámavellinum hafa verið kynntar nefndinni og hefur hún engar athugasemdir við þær og vonast eftir að framkvæmdir geti hafist með vorinu.
4. Sorphirða. Íslenska gámafélagið hefur gefið út sorphirðudagatal fyrir árið 2016, Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd hefur leitað til Íslenska Gámafélagsins að það prenti út dagatalið til allra íbúa ásamt flokkunarleiðbeiningum. Að beiðni nefndarinnar mun Íslenska Gámafélagið prenta út sorphirðudagatal ásamt flokkunarleiðbeiningum en nefndin sjá um dreifingu dagatalsins.
5. Önnur mál. Ekki eru fleirri mál tekin upp á fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.

